



Ritrynd grein birt 31. desember 2011

Þorgerður Einarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson

Kynjajafnréttisfræðsla í skólum

Hindranir og tækifæri

Staða kynjajafnréttisfræðslu í íslenska skólakerfinu er veik þrátt fyrir áratugagamalt ákvæði jafnréttislaga um jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum. Í greininni er grafið fyrir um ástæður þessa og staðan metin. Því er haldið fram að margir þættir hafi virkað hamlandi á jafnréttisfræðslu, svo sem óskýr markmið, áhugaleysi, veikburða aðalnámskrár og sterk námsgreinaskipting. Þá hefur ofmat á stöðu jafnréttis almennt á Íslandi aukið á tregðuna. Jafnréttisfræðsla í skólum hefur aðallega byggst á frumkvæði einstaklinga án stofnanalegrar ábyrgðar. Áhrif átaksverkefna hafa reynst skammvinn og oft á tíðum er áhugi á kynjajafnrétti sprottinn af áhyggjum af slakri stöðu drengja. Í lögum um grunnskóla frá 2008 og nýjum aðalnámskrám fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla er kveðið á um jafnrétti í víðum skilningi en jafnframt er lögð áhersla á að kyn fléttist saman við alla aðra þætti mismununar. Niðurstaða greinarhöfundar er sú að ef kynjajafnrétti verði miðlægur þáttur í jafnréttismenntun í skólakerfinu geti staðan falið í sér sóknarfæri.

Þorgerður Einarsdóttir er prófessor við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson er prófessor við Kennaradeild Háskóla Íslands og Kennaradeild Háskólans á Akureyri.¹

Gender equality education in Iceland: Obstacles and opportunities

In Iceland, legal requirements about education on gender equality have been in place for decades without being fulfilled. The article explores the reasons for this and evaluates the prospects for education on gender equality. The current situation is due to many causes, such as a vague legal framework, lack of interest and overestimation of gender equality in society. Education on gender equality has relied on individual initiative without institutional responsibility. The impact of positive action measures has been short-lived, and the most visible interests have been worries about boys. The Compulsory School Act from 2008 and the new national curricula contain clauses on education about equality. The term refers to equality in a broad sense while gender is assumed to be intertwined with other diversity markers. The authors conclude that the current situation contains opportunities if gender equality will be established as the core of equality education.

¹ Ingólfur stýrir námsbraut framhaldsskólakennslu við Kennaradeild Háskóla Íslands. Hann var ráðgjafi við verkefnið *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum*, móðurskólaverkefni Vesturbæjarskóla og aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla 2011.

Þorgerður Einarsdóttir is professor at the Faculty of Political Science, School of Social Sciences, University of Iceland, and Ingólfur Á. Jóhannesson is professor at the Faculty of Teacher Education, School of Education, University of Iceland and at the Faculty of Education, University of Akureyri.

Inngangur

Eina íslenska löggjöfin, sem kveður á um sérstaka jafnréttisfræðslu, önnur en lög um skóla, er *Lög um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla* 10/2008 (hér eftir kölluð jafnréttislög). Þau ákvæði eru lítið breytt frá *Lögum um jafnstöðu kvenna og karla* nr. 78/1976. Engu að síður er staða kynjajafnréttisfræðslu í skólakerfinu á Íslandi veik, eins og sýnt var fram á í meistaraprófsritgerð Eyglóar Árnadóttur (2009). Sambærilegar eru niðurstöður Guðnýjar Guðbjörnsdóttur (2003a, 2003b) er hún athugaði ákvæði eða öllu heldur skort á ákvæðum um kynjajafnréttisfræðslu í aðalnámskrá grunn- og framhaldsskóla. Lítil áhugi er á kynjajafnréttisfræðslu hjá stjórnmalafólki og almenningsi. Helst vekur athygli ef fræðslufirvöld hafa frumkvæði sem snertir meinta slaka stöðu drengja í námi.

Saga kynjajafnréttisfræðslu gefur lítið tilefni til bjartsýni um eflingu hennar þrátt fyrir brýna þörf um aukna meðvitund ungs fólks um launamun kynjanna, viðvarandi kynbundið ofbeldi, staðalímyndir og klámvæðinguna, svo að fátt eitt sé nefnt. Höfundar greinarinnar hafa starfað á vettvangi kynjafræða og menntunarfræða sl. 10–20 ár og tekið þátt í eða fylgst með margvíslegum verkefnum. Það hefur einkennt mörg þessara verkefna að þau áttu sér skilgreint upphaf og endi. Skipulegar upplýsingar um hvað gerist í skólum þegar slíkum verkefnum er formlega lokið eru sjaldan til staðar, þannig að við getum ekki fullyrt hvað kann að hafa setið eftir hjá einstökum kennurum, t.d. þeim sem tóku þátt í verkefnum *NORD-LILIA* á árunum 1992–1994. Jafnvel þótt starf af þessum toga sé skipulagt af yfirvöldum hefur það byggt á eldhugum í skólunum eða í hópi ráðgjafa og áhrifin hafa tilhneigingu til að vera skammvinn (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2009).

Við fullyrðum í þessari grein að staða fræðslu um jafnrétti kynjanna – hvort heldur það er um mismunun á grundvelli kyns á Íslandi, kynbundið ofbeldi eða staðalímyndir – sé alls ekki viðunandi og að skýringa á því megi leita bæði í stöðu jafnréttishugmynda, stjórn mála og skólastarfi. Við munum leitast við að meta hvort nokkur nýleg dæmi um frumkvæði á þessu sviði séu líkleg til að bera árangur og skapa samfelldara starf en hingað til. Markmið umfjöllunarinnar er að meta stöðuna og hvaða sóknarfæri eru tiltæk. Slíkt mat á möguleikum er mikilvægt nú þegar gefin hefur verið út aðalnámskrá fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla með afdráttarlausari umfjöllun um kynjajafnréttisfræðslu en nokkru sinni fyrr í námskrám (Menntamálaráðuneytið, 2011a, 2011b, 2011c).

Jafnrétti og jafnréttishugmyndir í íslensku samfélagi

Í alþjóðlegum samanburði stendur Ísland vel í kynjajafnréttismálum. Þannig mælist Ísland með minnst kynjabil af 134 löndum heims í alþjóðlegum samanburði samtakanna World Economic Forum (WEF) (Hausmann, Tyson og Zahidi, 2010). WEF mælir kynjabilið í vísitölu á fjórum sviðum, þ.e. efnahagslegri þátttöku og tækifærum; menntun; pólitískri þátttöku og heilsu. Þótt Ísland mælist með minnst kynjabil mælist það alls ekki best á öllum fjórum sviðunum. Löndum heims hefur reynst auðveldast að minnka kynjabil í menntun og heilsu en verr í því sem snýr að völdum og áhrifum. Þannig er Ísland í hópi þeirra landa sem hafa lokað kynjabilinu í menntun og er menntun kvenna orðin meiri en karla (Hausmann o.fl., 2010, bls. 17). Frá árinu 1984 hafa konur verið fleiri en karlar á háskólastigi. Menntun kvenna mæld í útskriftum og prófgráðum úr háskóla hefur verið meiri en karla um árabil (Þorgerður Einarsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2005; Menntamálaráðuneytið, 2002). Staða kvenna í stjórn málum á Íslandi var til langs tíma lakari en á öðr-

um Norðurlöndum en árið 2009 varð hlutfall kvenna í stjórnámum sambærilegt við hin Norðurlöndin (Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir 2009).

Þótt atvinnuþátttaka kvenna á Íslandi sé mjög mikil í alþjóðlegum samanburði hefur kynbundinn launamunur verið með því mesta sem gerist í Evrópu (Lilja Mósesdóttir o.fl., 2006). Þótt nýlegar kannanir bendi til að munurinn á atvinnutekjum kynjanna hafi minnkað eftir hrun (Ingólfur V. Gíslason, e.d.) bendir ekkert til þess að kynbundinn launamunur hafi minnkað (VR, 2011; Capacent, 2011). Þá eru völd og áhrif kvenna í efnahagslífinu enn afar takmörkuð. Þannig var hlutfall kvenna sem stjórnarmanna og stjórnarformanna fyrirtækja um 22% árið 2008 og hafði staðið í stað í áratug (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Auður Styrkárdsdóttir, 2009). Hlutfall kvenna í stjórnnum fyrirtækja lækkaði eftir hrun. Konur á stóli framkvæmdastjóra og forstjóra fyrirtækja eru enn færri en konur í stjórnnum eða 19% (Félag kvenna í atvinnurekstri, 2010). Skýrsla WEF sýnir að afrakstur kvenna á Íslandi af menntun sinni og mannauði er ekki í samræmi við afrakstur karla og lýsa skýrsluhöfundar sérstökum áhyggjum af þessu (Hausmann o.fl., 2010, bls. 21). Árið 2008 gerði eftirlitsnefnd Sameinuðu þjóðanna með *Kvennasáttmála SP* athugasemdir við að íslensk stjórnvöld hafi ekki sinnt aðgerðaskyldu sinni í jafnréttismálum og sérstaklega tiltekið að stöðu kynferðisbrotamála væri ábótavant (United Nations, Convention on the Elimination of All Forms of Discrimination against Women, 2008).

Á sama tíma og ástæða er til að gleðjast yfir góðri útkomu Íslands í alþjóðlegum samanburði, eins og mælingu WEF, er vert að vara við ógagnrýnni túlkun á niðurstöðunum. Mælistikan er þröng og margt sem skiptir máli er ekki mælt, svo sem kynbundið ofbeldi. Þá er ástæða til að vera á varðbergi gagnvart þeim áhrifum sem skýrslan getur haft á jafnréttismálinu. Ekkert land kemst nálægt því að loka kynjabilinu en margt bendir til að skýrslan hafi ýtt undir þær hugmyndir að Íslandi sé í fararbroddi á öllum sviðum (sjá t.d. Bergur Ebba Benediktsson, 2011). Þá var áberandi sú orðræða eftir hrun fjármálakerfisins að feðraveldið hafi hrunið með bankakerfinu. Fjölmíðlaumræða hér heima og erlendis dró upp mynd af kvenlegum gildum og sterkum konum sem reisa landið úr rústum. Nýleg könnun sýnir að 89% karla og 74% kvenna telja að staða kvenna í viðskipta- og efnahagslífi hafi batnað eftir hrun þrátt fyrir að hún hafi staðið í stað í áratug eins og fram kom hér að framan (Þorgerður Einarsdóttir, 2011).

Það er algengt viðhorf að líta svo á að þegar lagalegu misrétti hafi verið útrýmt sé raunverulegt jafnrétti handan við hornið og í raun eingöngu tímaspursmál hvenær því verði náð. Margir halda því fram að kynjamisrétti stafi einungis af gamaldags viðhorfum sem hverfi með yngri kynslóðum. Nýjar rannsóknir sýna að þetta er ekki reyndin. BA-ritgerð Auðar Magnúsar Leiknisdóttur um viðhorf til jafnréttismála í upphafi 21. aldar bendir til að unga fólk sé ekki jafnréttissinnaðra en eldri kynslóðir, þrátt fyrir að hafa alist upp við jafnréttislög (Auður Magnús Leiknisdóttir, 2005). Þá hafa rannsóknir Andreu Hjálmsdóttur og Þórodds Bjarnasonar (2009) sýnt að viðhorf unglunga í dag eru marktækt neikvæðari til jafnréttismála en jafnaldra þeirra fyrir einum og hálfum áratug. Athyglisvert er að unglingarnir réttlæta hefðbundnar hugmyndir sínar um kynhlutverk með eðlishyggju og nýfrjáls-hyggjuhugmyndum, en slík sjónarmið hafa unnið á, sérstaklega meðal stráka (Þóroddur Bjarnason og Andrea Hjálmsdóttir 2008). Nýleg rannsókn þeirra Gerðar Bjarnadóttur og Guðnýjar Guðbjörnsdóttur (2011) er einn vitnisburðurinn enn um frekar íhaldssöm viðhorf unglunga, að þessu sinni í framhaldsskóla, einkum og sér í lagi meðal drengja.

Nýlegar rannsóknir á klámi og klámmenningu benda einnig til íhaldssemi. Þessar rannsóknir taka til kláms og klámnotkunar í eiginlegri merkingu en einnig „klámvæðingar“ sem er íslenskt heiti yfir ensk orð á borð við *pornification*, *pornographization* og *porn-chic*. Með því er átt við að klám smitist yfir á daglegt líf okkar sem samþykkt og jafnvel dáð menningarlegt fyrirbæri (Katrín Anna Guðmundsdóttir, 2010; Sørensen, 2003). Klámvæðingin

birtist í því að hlutverk, tilvísanir, táknmyndir og orðfæri úr klámi eru „*normaliseruð*“, þ.e. álitin eðlilegur þáttur af daglegu lífi, dægurmenningu og táknrænum samskiptum.

Erlendar rannsóknir sýna að mælanleg aukning hafi orðið á kynferðislegum tilvísunum í börn í auglýsingum á síðustu árum (sjá t.d. American Psychological Association, 2007). Klámvæðing er umtalsverð í opinberu dægurefni fyrir ungt fólk og klámmenning er fyrirferðarmikil í framhaldsskólum (Þorgerður Einarsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2005). Unglingar telja sjálfir að klám sé „úti um allt“ (Andrea J. Ólafsdóttir og Hjálmar G. Sigmarsson, 2007) og nýleg norræn könnun á högum og viðhorfum unglunga sýnir að klámneysla íslenskra táningsstráka er mikil og miklu meiri en meðal jafnaldra þeirra á hinum Norðurlöndunum (Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Jón Sigfússon, Álfeir Logi Kristjánsson, Hrefna Pálsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2010, bls. 86).

Ef við drögum þetta saman þá er formleg staða jafnréttis á Íslandi með því besta sem þekkist í heiminum en hún er samt ekki nógu góð ef litið er á marga þætti, t.d. völd, áhrif, kynbundið ofbeldi og klámkennda menningu, afrakstur af menntun og launamun kynjanna. Því þarf að varast þá túlkun að jafnréttisbaráttunni sé meira og minna lokið. Dæmin um viðhorf og hegðun ungs fólks, sem við höfum rakið hér að ofan, sýna vel að blikur eru á lofti og tilefni til jafnréttisfræðslu eru alls ekki úr sögunni heldur er þvert á móti tilefni sem aldrei fyrr.

Bollaleggingar um stöðu kynjajafnréttisfræðslu

Ákvæðum um jafnréttisfræðslu í jafnréttislögum hefur lítið verið fylgt eftir þau 35 ár sem slík ákvæði hafa verið til. Eygló Árnadóttir (2009) skoðaði framkvæmd jafnréttislaga í meistaraþrófsritgerð sinni. Meginniðurstaða hennar er að lagabókstafurinn dugi ekki til. Ósamræmi er í lögum, sér í lagi um hvaða aðilar beri ábyrgð á framkvæmd ákvæðis um jafnréttisfræðslu. Jafnréttislög kveða á um að nemendur á öllum skólastigum skuli hljóta fræðslu um jafnréttismál. Markmið í lögum og stefnumörkun skólakerfisins um jafnréttisfræðslu eru hins vegar óskýr, orðalag loðið og óljóst, og því háð túlkun hverju sinni. Jafnréttislögin skilgreina ekki hvað er átt við með jafnréttisfræðslu. Ekki er tilgreint hvernig hana skuli útfæra, hverju hún eigi að skila eða hvernig tryggja skuli að hún fari fram. Því er opið fyrir túlkun hvort jafnréttisfræðsla skuli vera val fyrir einhverja nemendur á einhverjum tímamarki á hverju skólastigi eða hvort hún skuli vera skylda fyrir alla nemendur. Þá er ótilgreint hve mikil fræðslan skuli vera. Niðurstöður Eyglóar sýna að skilgreining á hugtakinu jafnrétti er á reiki og fólk leggur mismunandi skilning í orðið. Áhugaleysi um að framkvæma lögin og kynblinda og ótti við femínisma virðast valda því að lagaákvæði um jafnréttisfræðslu skilar sér sjaldan til grunnskóla nema fyrir frumkvæði einstakra kennara. Óljós umgjörð ásamt áhugaleysi og hræðslu við femínisma veldur því að hver bendir á annan. Stofnanaleg ábyrgð á því að jafnréttisfræðslu sé framfylgt virðist ekki vera fyrir hendi (sjá einnig Guðný Guðbjörnsdóttir, 2003a, 2003b; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004).

Í skólakerfinu er heldur enginn þrýstingur á að kynjajafnréttisfræðsla fari fram. Eins og kom fram í upphafi greinar hafa ákvæði í aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla verið veikburða – og sama gildir um aðalnámskrá leikskóla. Sterk staða námsgreinaskiptingar og lítil hefð fyrir þver- eða samfaglegri vinnu í grunn- og framhaldsskólum gera nýjum viðfangsefnum erfitt fyrir, einkum ef þau eiga ekki augljóst heimili innan fastra námsgreina. Og þrátt fyrir afdráttarlausu afstöðu til fræðslu um kynjajafnrétti sem birtist í sameiginlegum hluta aðalnámskrár fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla frá maí 2011 eigum við alveg eftir að sjá hvernig inntaki og skipulagi náms um jafnréttismál, sem kveðið er á um í *Lögum um grunnskóla* (2008, 25. gr.), verður fyrir komið í námskrá fyrir greinaflokkinn samfélagsgreinar þar sem greininni jafnréttismálum er ætlaður staður samkvæmt

almennum hluta af aðalnámskrá grunnskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011b, bls. 37).

Fáir kennarar hafa mikinn áhuga kynjajafnréttisfræðslu og við gerum heldur ekki ráð fyrir því að margir kennarar telji sig hafa þekkingu eða sjálfstraust til að hafa frumkvæði á þessu sviði. Í rannsókn, byggðri á viðtölum við 14 kennslukonur í jafnmörgum grunnskólum á árunum 2000–2002 (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004), var spurt um jafnréttisfræðslu sem hluta af kennaranámi eða endurmenntun. Starfsreynsla viðmælendanna var á bilinu 12–40 ár og flestir höfðu stundað nám í Kennaraskóla Íslands eða Kennaraháskóla Íslands (viðmælandinn með stysta starfsaldurinn hafði brautskráðst fyrir 1990). Sumir mundu ekki eftir neinu en aðrir eftir talsverðri fræðslu um jafnrétti kynja. Fæstar mundu kennslukonurnar eftir jafnréttisumræðu á endurmenntunarnámskeiðum þótt einhverjar þeirra nefndu tiltekin námskeið. Margar höfðu þó orðnar snortnar af vitundarvakningu kvennahreyfinganna á 8. og 9. áratug síðustu aldar.

Þrátt fyrir að ekki sé hægt að alhæfa um svörin hvað varðar kennaranámið virðist óhætt að draga þá ályktun að lítið sitji eftir af því sem kennarar kunna að hafa lært um jafnrétti og kynjamun í kennaranáminu, hvort heldur grunnmenntun eða endurmenntun. Hér er líka stuðst við reynslu Ingólfs við að kenna kennurum í framhaldsnámi. Í námskeiðinu *Kenningar og rannsóknir í menntunarfræðum* (áður *Hugtök, straumar og stefnur í menntun*), sem er hluti af kjarna framhaldsnáms í menntunarfræðum við kennaradeild Háskólans á Akureyri, hefur verið sjálfstæður þáttur um kynjafræði. Mjög fáir nemendanna, sem voru með fjölbreytilegan bakgrunn, mundu eftir jafnréttisfræðslu í námi sínu áður – þótt á því væru reyndar nokkrar undantekningar. Fáir þátttakendanna höfðu tekið þátt í að fræða um jafnrétti kynja – þótt á því væru reyndar líka mikilvægar undantekningar.

Reynsla Ingólfs af framangreindu námskeiði og af námskeiðinu Jafnrétti og fjölmening, ætluðu kennaranemum í kennsluréttindanámi sem var einnig opið kennurum í framhaldsnámi, bendir til þess að vannýttur áhugi sé fyrir hendi meðal kennara. Rannsókn Þórdísar Þórðardóttur (2005) bendir sömuleiðis til þess vannýttur áhugi sé til staðar meðal kennaranema í Kennaraháskóla Íslands (nú Kennaradeild Háskóla Íslands) því að rúmlega þriðjungur hlutar þeirra fyrsta árs nema (leik- og grunnskólakennaranema), sem svöruðu könnun haustið 2004, sögðust gjarna taka námskeið í kynjafræði. Þetta er áhugi sem kennaradeildir háskólanna, Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri, þurfa að gera miklu meira til að virkja. Um árabíl kringum síðustu aldamót bauð Kennaraháskóli Íslands einungis karlkyns nemendum upp á námskeið tengt kynjafræðum. Þetta var námskeið um karlmennsku og kennarastarf (Manfred Lemke og Sigurjón Mýrdal, 2004). En það dugar skammt þegar langflestir kennaranemar eru konur nema í námi framhaldsskólakennara sem hvort sem er áttu ekki kost á námskeiðinu um karlmennsku og kennarastarf.

Í kjölfar norrænnar ráðstefnu um jafnréttismál, sem haldin var í Reykjavík í september 2009, fól Jón Torfi Jónasson, forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Guðnýju Guðbjörnsdóttur prófessor að gera minnisblað um jafnréttisfræðslu í skólastarfi vegna þess að hann hafði orðið var við áhyggjur af því að málefni jafnréttisfræðslu „séu alls ekki í lagi, m.a. ekki í kennaranámi“ (bréf Jóns Torfa Jónassonar 24. september 2009, sjá Guðný Guðbjörnsdóttir, 2009, bls. 1). Í minnisblaðinu fór Guðný yfir málefni kynjajafnréttisfræðslu hér á landi og í nágrannalöndum. Hún rakti rannsóknir evrópskra fræðimanna sem sýna að kynjajafnréttisfræðsla í kennaramenntun hafi verið vanrækt þrátt fyrir blómlegar rannsóknir á sviði kvenna- og kynjafræða. Hún komst að þeirri niðurstöðu að ályktanir eigi einnig við hér á landi (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2009, bls. 5). Í nýrri aðalnámskrá fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla er það undirstrikað að nýjar fræðigreinar á borð við kynjafræði eigi að nota í skólastarfinu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a, 2011b, 2011c).

Reynsla okkar bendir til þess að áhugi á kynjajafnréttisfræðslu meðal þeirra sem sinna kennaramenntun í háskólum landsins sé fremur lítill. Þegar námsefni um kynjajafnrétti ratar í námskrár kennaranámsins er oftar um tilviljunarkennt einstaklingsframtak að ræða. Við treystum okkur ekki til að fullyrða hvað veldur áhugaleysinu en þetta er vissulega áhyggjuefni og algerlega í takti við skort á kynjajafnréttisfræðslu annars staðar í skólakerfinu.

Enda þótt við vitum ekki um bein dæmi þess að yfirvöld í háskólunum hafi lagt steina í götu þessa einstaklingsframtaks – reyndar þvert á móti í tilviki Ingólfs – þá fullyrðum við að stofnanirnar hafi ekki tekið virka ábyrgð á þessum þætti. Hér skiptir e.t.v. talsverðu máli að háskólar eru stofnanir sem byggja starf sitt verulega á einstaklingsframtaki. En um leið er hættu á því að kennaradeildirnar eða þau fræðasvið, sem þær falla undir, taki enga ábyrgð sem stofnanir á mikilvægum þáttum. Á sama hátt þurfa einstakir leik-, grunn- og framhaldsskólar, undir forystu skólastjórnenda á hverjum stað, að bera ábyrgð á því hvernig þessari fræðslu er sinnt í skólunum, en ekki láta einstaklingsframtak áhugasamra kennara duga.

Þessari stöðu þarf að breyta – og það á vera hægt. Kynjajafnréttisfræði standa traustum fótum í rannsóknum, bæði innlendum og erlendum. Fræðilegur grunnur innan menntunarfræðanna á þessu sviði er sterkur (sjá t.d. yfirlit Guðnýjar Guðbjörnsdóttur, 2009) og þörfin er brýn. Námskrárákvæði mennta- og menningarmálaráðuneytisins um jafnréttisfræðslu eru skýrari en fyrr (sjá næsta kafla). Nú þurfa stjórnendur skólanna að taka af skarið og setja kynjajafnréttisfræðsluna í náms- og kennsluskrár skóla á öllum skólastigum. Einstaklingsframtak eldhuga skilar vonandi miklu meiru ef það hefur stofnanastuðning.

Frumkvæði í kynjajafnréttisfræðslu

Í þessum kafla ræðum við nokkur dæmi um frumkvæði í kynjajafnréttisfræðslu og hvers vegna hvert og eitt verkefni bar árangur eða er líklegt til að bera árangur í þá átt að efla kynjajafnréttisstarf í skólum.

NORD-LILIA-verkefnið á árunum 1992–1994, sem við minntumst á í upphafi greinarinnar, er samheiti 62 verkefna sem Norræna ráðherraráðið fjármagnaði, þar af nokkur á Íslandi. Ein af afurðum *NORD-LILIA* var ritgerðasafnið *Líkt og ólíkt. Kynjavíddin í uppeldisfræðilegri hugsun og starfi* (Arnesen, 1994, 1998). Í því eru átta ritgerðir þar sem verkefnin eru útskýrð og dregnir lærdómar af starfinu. Við vitum hins vegar ekki til þess að verkefninu hafi verið fylgt eftir af hálfu íslenskra stjórnvalda, hvorki af ráðuneytum mennta- né jafnréttismála. Eitt af þeim verkefnum, sem var hluti af *NORD-LILIA*, var *Hjallastefnan*. *Hjallastefnan* var byrjuð fyrir tíma norræna verkefnisins þannig að það er algerlega óvíst hvort eða hvernig má þakka *NORD-LILIA* fyrir þróun hennar. Nærtækara er að þakka einstaklingsframtaki Margrétar Pálu Ólafsdóttur fyrir staðfestu *Hjallastefnunnar*.

Styttra er liðið frá verkefninu *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum*. Jafnréttisstofa, fimm sveitarfélög, félagsmálaráðuneytið (þ.e. ráðuneyti jafnréttismála), menntamálaráðuneytið, fimm leikskólar og fimm grunnskólar, einn af hvoru skólastigi í hverju þáttökusveitarfélaganna, stóðu að verkefninu sem fram fór skólaárið 2008–2009 (Arnfríður Aðalsteinsdóttir, 2010). Verkefnið fór fram að frumkvæði jafnréttisnefnda og jafnréttisfulltrúa og þátttakendur voru fjölmennustu sveitarfélögin fjögur, þ.e. Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður og Akureyri, ásamt Mosfellsbæ. Leitað var til skóla sem annaðhvort voru með verkefni í gangi eða gengið fast á eftir samviskusömu skólafólki til að finna samstarfsaðila. Eitt ár er mjög stuttur tími fyrir skólaþróunarverkefni, eigi það að hafa áhrif á skólastarfið eftir að því lýkur, og þótt við vitum af afspurn að breytingastarf í anda verkefnisins hafi átt sér stað, a.m.k. í einhverjum skólanna tíu, þá hefur ekki verið fylgst skipulega með því hvað skól-

arnir hafa gert í framhaldinu þá tvo vetur sem liðnir eru (skrifað haustið 2011). Skólaskrifstofur sveitarfélaganna voru ekki virkir aðilar að samstarfinu og tóku verkefnið ekki sérstaklega upp á sína arma þegar afskiptum Jafnréttisstofu lauk.

Ápreifanleg afurð verkefnisins er útgáfa á vegum Félags- og tryggingamálaráðuneytisins og Jafnréttisstofu á dönsku bókinni *Þegar Rósa var Ragnar/Þegar Friðrik var Fríða* (Windfeldt og Clante, 2009). Bókin segir frá tveimur börnum, stúlku og dreng, sem vakna einn morgunn sem börn af hinu kyninu og er lýst degi í lífi hvors þeirra. Engin rannsókn eða aðgengileg umfjöllun er enn til um hvernig bókin reynist, ef frá er talinn ritdómur í tímaritinu *Uppeldi og menntun* (Kristín Dýrfjörð, 2011) þar sem fram kemur að efni bókarinnar geti reynst tvíbent og það þurfi að ræða við börnin af meðvituðum kennurum eða foreldrum, þá má tengja ritið *Huxarann* eftir Írisi Arnardóttur (2010a, 2010b), sem samanstendur af verkefnabók fyrir unglinga og kennarahefti, við verkefnið en Íris stýrði verkefniinu í einum þátttökuskólanna. Sú bók er gagnrýnd í ritdómi í *Uppeldi og menntun* fyrir að nýta sér ekki vel kynjafræðilega þekkingu (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2011).

Í alþjóðlegri umræðu sl. 10–20 ár hafa málefni drengja í skólum borið hátt, og verið notuð orð eins og drengjaorðræða (sjá t.d. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004) eða „drengja-beygjan“ (Weaver-Hightower, 2003). Forsenda drengjabeygjunnar er sú að kynjafnréttisumræðan hafi orðið til þess að efla hag stúlkna í skólakerfinu einhliða og jafnvel á kostnað drengja. Ísland hefur ekki farið varhluta af þessari umræðu og áhuga á málefnum drengja þótt drengjaorðræða hafi ekki haft jafnmikil áhrif á stefnumótun eins og t.d. í Ástralíu (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, Lingard og Mills, 2009). Haldnar voru fjölsóttar ráðstefnur í árslok 1997, *Strákar í skóla*, og í ársbyrjun 2005, *Drengjamening í grunnskólum*. Karlanefnd Jafnréttisráðs og menntamálaráðuneytið gengust fyrir fyrri ráðstefnunni og fengu m.a. danskan fyrirlesara sem talaði mjög í anda drengjaorðræðunnar. Erindin voru gefin út að lokinni ráðstefnunni (Menntamálaráðuneytið og Skrifstofa jafnréttismála, 1998). Á síðari ráðstefnunni, sem fjögur sveitarfélög (Garðabær, Reykjanesbær, Mosfellsbær, Seltjarnarnes) áttu frumkvæði að, töluðu aftur á móti tveir ástralskir fyrirlesarar, Bob Lingard og Martin Mills, og voru gagnrýnir á drengjaorðræðuna. Síðari ráðstefnan var haldin í kjölfar þess að birtar voru niðurstöður PISA-rannsóknarinnar 2003, en það er rannsókn sem nær til stórs úrtaks nemenda í fjölmörgum löndum, þar á meðal allra nemenda í 10. bekk. Rannsóknin er á vegum OECD og fer fram á þriggja ára fresti. Í rannsókninni 2003 kom í ljós að íslenskar stúlkur stóðu íslenskum drengjum framar í öllum þáttum stærðfræðinnar og áttu þannig nokkurs konar heimsmet. Síðar kom í ljós að „heimsmetið“ var hvorki til marks um slakan árangur drengja né góðan árangur stúlkna almennt heldur voru PISA-niðurstöðurnar svo og niðurstöður samræmdra prófa þetta ár töluvert frábrugðnar niðurstöðum annarra ára (Almar M. Halldórsson og Ragnar F. Ólafsson, 2009).

Einnig ákvað Reykjavíkurborg að hrinda úr vör svokölluðu móðurskólaverkefni um drengi og grunnskóla, en hlutverk móðurskóla var m.a. að veita öðrum skólum ráðgjöf og standa fyrir fræðslu- og kynningarstarfi um þá sérþekkingu sem hann býr yfir. Menntaráð Reykjavíkurborgar auglýsti vorið 2005 eftir skóla sem myndi vilja taka að sér þetta tiltekna verkefni og varð Vesturbæjarskóli fyrir valinu. Verkefnið stóð til 2008 og var meginályktun þess sú að góðir kennsluhættir hefðu ekki síður áhrif á árangur drengja en stúlkna og vænlegra væri að leggja áherslu á einstaklingsmun nemenda en kynjamun þeirra. Í starfi sínu kynntist Vesturbæjarskóli kennsluáferðum ensks skóla, Ardleigh Green, einkum við ritun og lestur. Skólanum Ardleigh Green kynntist Vesturbæjarskóli í gegnum stóra rannsókn fræðimanna við Cambridgeháskóla í Englandi þar sem leitað var að skólum sem hefðu dregið úr mun á árangri drengja og stúlkna (Younger og Warrington, 2005). Ákvörðun var tekin um að skólinn myndi standa að því að kynna þessar aðferðir öðrum skólum og kennurum í Reykjavík (Nanna Kristín Christiansen, 2008) og hefur það verið gert.

Þessar aðferðir eru „kynhlutlausar“ þannig að þar er hvorki drengjum né stúlkum hampað sakir kyns síns. Heildarmat hefur ekki farið fram þótt nokkrir skólar hafi nýtt sér aðferðirnar til framfara í starfinu.

Það sem réði því að Vesturbæjarskóli fór þá leið sem um ræðir var skýr sýn stjórnenda og kennara, sem voru nánast eingöngu konur, að það sem gert yrði fyrir drengi yrði að vera hlutlaust og helst jákvætt fyrir stúlkur líka. Að þessu leyti verður að telja að móðurskóla-verkefnið hafi tekist vel. En ekki á þann hátt að mótuð yrði sérstök stefna um málefni drengja.

Það var síðan sumarið 2010 að menntaráð Reykjavíkurborgar samþykkti að „stofna starfshóp sem leitar leiða til að auka námsáhuga drengja í skóla ... [og] leggja fyrir menntaráð tillögur að aðgerðum til að efla námsáhuga nemenda í grunnskóla“ (Menntaráð Reykjavíkurborgar, 2010). Ákvörðunin um starfshópinn olli deilum í menntaráði og endurspegluðu þær að einhverju leyti mismunandi afstöðu til drengjaorðræðunnar.

Tillögur starfshópsins voru birtar í lok september 2011. Enda þótt sumar af tillögum hópsins endurspegli vissulega drengjaorðræðuna vakti það talsverða athygli okkar að sú tillaga, sem er númeruð fyrsta tillaga hópsins, er að setja á laggirnar annan starfshóp til að skoða líðan stúlkna (Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir o.fl., 2011, bls. 5) og hin síðasta af tíu er um „námskeið í jafnréttis- og kynjafræði sem farið verði með til allra starfsmanna leik- og grunnskóla borgarinnar“ (Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir o.fl., 2011, bls. 8). Námskeiðinu er ætlað að taka á því hvernig staðalímyndir og viðhorf fullorðinna hafi mótandi áhrif á áhuga og námsárangur barna og unglinga. Talsverður hluti skýrslu starfshóps Reykjavíkurborgar fjallar um mikilvægi kyngreindrar tölfræði og um eftirfylgni með lestrarskimunum – en allra fyrstu viðbrögð fjölmiðla voru annars vegar að ræða þá útkomu að drengir væru um 80% þeirra sem væru greindir með fatlanir og alvarlegar raskanir á þann hátt að fé væri úthlutað vegna þeirra (Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir o.fl., 2011) og fjórðungur forsíðunnar hjá víðlesnasta dagblaði landsins fór í uppslátt um að fjórðungur 15 ára drengja gæti ekki lesið sér til gagns („Fjórðungur 15 ára drengja getur ekki lesið sér til gagns“, 2011).

Það sem vekur vonir okkar um meira jafnvægi í viðbrögðum menntayfirvalda er þó annars vegar ofangreind tillaga um að hugað sé að stúlkum og hins vegar tilvísun skýrslunnar til kennsluáðferða Ardleigh Green-skólans breska (sjá hér ofar). Rakið er stuttlega hvernig starf Hamraskóla í Reykjavík gæti verið fyrirmynd að skólastarfi sem er í senn gott fyrir drengi og stúlkur (Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir o.fl., 2011, bls. 29).

Drengjaorðræðan hefur vissulega haft áhrif hér á landi, en við vitum í rauninni ekki hvort hún hefur aukið áhuga á kynjajafnréttisfræðslu eða drepíð henni á dreif. Drengjaorðræðan er mjög takmarkandi þar sem hún snýst oft eingöngu um kyn fremur en margvísleg önnur samþætt áhrif, svo sem efnahag. En hún hefur líka sterka tilhneigingu til að vera takmörkuð við námsárangur – eins og margt í skýrslu starfshóps Reykjavíkurborgar um árangur, sem rætt er um hér að ofan, ber með sér – og jafnvel við að ýta undir hefðbundnar karlmennskuímyndir (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004), þótt við því sé aftur á móti varað sérstaklega í skýrslunni (Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir o.fl., 2011, bls. 30). Drengjaorðræðan getur, ef haldið er á málum af yfirsýn og þekkingu, gefið færi á því að nýta áhugann á málefnum drengja til að efla áhuga á því að vinna að málefnum kynjajafnréttisfræðslu í víðara samhengi (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, Lingard og Mills, 2009). Sumar af tillögum starfshóps Reykjavíkurborgar teljum við að feli í sér tækifæri, ekki síst sú að allt starfslið leik- og grunnskóla borgarinnar sæki námskeið í jafnréttis- og kynjafræðum.

Kynungabók kom út á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins árið 2010 (Berglind Rós Magnúsdóttir, Guðrún M. Guðmundsdóttir, Jóna Pálsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Kristín Jónsdóttir, 2010). Bókin er skrifuð af femínískum sjónarhóli um kynjajafnrétti og hugsuð sem kennsluefni fyrir fólk á aldrinum 15–25 ára. Í fréttatilkynningu ráðuneytisins frá 3. september 2010 kemur fram að bókina átti að tilraunakenna af teymi níu kennara í grunn-, framhalds- og háskólum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010b). Reynslian af bókinni hefur þó ekki verið skipulega metin ennþá, enda stutt frá útkomu hennar. Í ritdómi, sem birtist um bókina í *Uppeldi og menntun*, er rauði þráðurinn að jafnréttishugtakið hefði þurft að setja í víðara samhengi og tengja það við aðra málaflokka jafnréttismála á borð við ólíka kynhneigð og kynverund og málefni einstaklinga af erlendum uppruna. Það er gert að einhverju marki í ritinu en ritdæmendum þykir ekki nóg að gert (Jón Ingvar Kjaran og Halldóra Ósk Hallgrímsdóttir, 2011).

Ef þetta er dregið saman sést að þau dæmi um skipulegt frumkvæði í jafnréttisfræðslu, sem gögn eru til um, eru ekki mörg. Áþreifanlegur afrakstur þeirra er fremur lítill, eftirfylgni rýr og áhrifin skammvinn. Það er áhyggjuefni að oft virðist vera gjá milli fyrirliggjandi þekkingar og orðræðu kynjafræðinnar og orðræðu skólanna (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2009). Þá hefur drengjaorðræðan átt greiða leið inn í umræður og umbótastarf í skólunum.

Ný aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla

Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra.

Þessi róttæku orð eru í aðalnámskrá fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla, texta sem er sameiginlegur þeim öllum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2011a, bls. 15; 2011b, bls. 15; 2011c, bls. 14).

Jafnréttiskafli aðalnámskránna tekur til jafnréttis í viðum skilningi en þar eru ýmsum þáttum mismununar gerð sérstök skil, þar með töldu jafnrétti kvenna og karla. Vísað er í jafnréttislög og sérstök áhersla er lögð á hvernig ýmsar gerðir mismununar geta tvinnast saman. Námskráin byggist á álitum rýnihóps mennta- og menningarmálaráðuneytisins í grunnþáttum menntunar frá desember 2009 sem leggur jafnrétti í viðum skilningi til grundvallar. Í álitum hópsins er ekki að finna sérstaka áherslu á kynjajafnrétti nema það sé skilið á táknrænan hátt að hugtakið kyn er nefnt fyrst í umfjöllun um ýmsa þætti sem valda mismunun og orðið kynjafræði er fremst í upptalningu nýrra fræða sem jafnréttisfræðslu er ætlað að styðjast við (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010a, bls. 12–13).

Við sjáum að ákvæði um kynjajafnrétti eru ekki mjög afgerandi í þeim hluta aðalnámskrár fyrir leikskóla sem ekki er sameiginlegur með öðrum skólastigum. Aðeins á einum stað er kynjajafnrétti nefnt sérstaklega í því samhengi að leikskólunum beri að „vinna að jöfnum tækifærum kynjanna til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011c, bls. 25).

Í aðalnámskrá grunnskóla eru aðeins fleiri ákvæði, bæði almenns eðlis og um náms- og starfsfræðslu. Tekið er fram að leggja þurfi „*áherslu á að nám búi bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, bæði í einkalífi, fjölskyldulífi og atvinnulífi*“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011b, bls. 26, upprunaleg leturbreyting). Þá er tekið fram að „kynjafræði og hugtök hennar séu mikilvægur þáttur í að gera nemendur meðvitaða um stöðu kynjanna í samfélaginu“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011b, bls. 26). Um náms- og starfsfræðsluna er tekið fram að leitast skuli „við að kynna báðum kynjum störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf“ (Mennta- og

menningarmálaráðuneytið, 2011b, bls. 33). Námskrár fyrir einstakar námsgreinar eða greinasvið eru ekki komnar út þegar þetta er ritað.

Einna skýrust eru þó sérákvæðin í aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla. Sérstaklega er útskýrt að lykilhæfni á sviði jafnréttis feli

m.a. í sér að nemandi: virðir jafnrétti í samskiptum, er meðvitaður um eigin kynhneigð og kynheilbrigði, skilur hvernig t.d. aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni og þjóðerni getur skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks, er meðvitaður og gagnrýninn á áhrif fyrirmynnda og staðalmynda á eigin ímynd og lífsstíl, skilji hlutverk kyns og kyngervis í samfélaginu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011c, bls. 25)

Einnig er vikið að kynjabundnu náms- og starfsvali og tekið fram að við „undirbúning framtíðarstarfsvettvangs [sé] mikilvægt að opna augun fyrir kynskiptum vinnumarkaði og stuðla að því að námsval kynjanna verði minna kynbundið en hingað til“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a, bls. 25).

Rannsóknarstofa um jafnrétti, kyngervi og menntun við Háskóla Íslands sendi fyrirspurn til mennta- og menningarmálaráðuneytisins um hvað nýtt ákvæði í grunnskólalögum um jafnréttismál sem grein í grunnskóla merkti, en þau eru talin upp í 25. gr. *Laga um grunnskóla* nr. 91/2008. Spurt var hvaða merking væri lögð í orðið jafnréttismál og hvort átt væri við jafnrétti í víðri merkingu, kynjajafnrétti þar með talið.

Svar ráðuneytisins við fyrirspurninni er almennt og er vísað til laga og notaðar orðabókar-skilgreiningar á hugtökunum jafnrétti og jafnræði. Í svarinu tekur ráðuneytið afdráttarlaust af skarið með að kynjajafnrétti sé í grunnskólalögunum ekki gert hærra undir höfði en öðru jafnrétti og tiltekur raunar að með jafnrétti sé sérstaklega átt við „þjóðfélagshópa sem eiga undir högg að sækja vegna fötlunar, þjóðernis eða félagslegrar stöðu“. Jafnframt segir að „hefði það verið ætlun löggjafans að með hugtakinu jafnréttismál í grunnskólalögum væri eingöngu vísað til kynbundins jafnréttis hefði þurft að kveða skýrt á um það“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011d). Það vekur sérstaka athygli að ekki er vísað í jafnréttislag sem hafa kveðið á um kynjajafnréttisfræðslu í 35 ár.

Dæmin, sem við höfum rakið hér að ofan, benda til þess að kynjajafnréttismál hafi ekki komist alvarlega á dagskrá menntamálayfirvalda fyrr en ákvæði um „jafnréttismál“ kom í grunnskólalögin árið 2008 sem námsgrein eða námssvið (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011d). Í fyrrnefndu álit rýnihóps mennta- og menningarmálaráðuneytisins um grunnþætti menntunar (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010a) er kveðið á um jafnrétti í víðum skilningi og sama á við um sameiginlegan hluta aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla. Þegar jafnrétti kemst loks á dagskrá er það skilningur ráðuneytisins að kynjajafnrétti skuli ekki gert hærra undir höfði en öðru jafnrétti þrátt fyrir ákvæði jafnréttislaga. Það er athyglisvert – og ámælisvert að okkar dómi – að ráðuneytið skuli kjósa að líta fram hjá ákvæðum jafnréttislaga um jafnréttisfræðslu sem hafa verið í gildi í 35 ár. Þessi „yfirsjón“ ráðuneytisins rennir stöðum undir niðurstöður fræðimanna, sem fyrr voru raktar, um veika stöðu kynjajafnréttisfræðslu. Þrátt fyrir þessa túlkun ráðuneytisins á því hvað „jafnrétti“ merkir í þessu samhengi teljum við að ákvæði nýju aðalnámskráinnar feli í sér umtalsverða möguleika, einkum ef áhersla verður lögð á jafnrétti kynjanna sem „miðlæg þátt fyrir aðrar breytur sem tengjast jafnrétti, mismunun og félagslegu réttlæti“, svo notuð séu orð Guðnýjar Guðbjörnsdóttur (2009, bls. 8).

Samantekt og ályktanir

Staða kynjajafnréttisfræðslu á Íslandi á sér þversagnakennda sögu. Ein þversögnin er sú að enda þótt jafnrétti kynja á Íslandi sé á a.m.k. sumum mælikvörðum talið vera meira en í flestum öðrum löndum er engu að síður langur vegur frá því að einhverju sem kalla mætti raunverulegt jafnrétti kynja sé náð. Þörfin fyrir kynjajafnréttisfræðslu er því síst minni en fyrr og jafnvel meiri, ef litið er til þess að viðhorf unglinga hafa nýlega mælst íhaldssamari en fyrir 20 árum. Skólakerfið, þar með taldar þær stofnanir sem mennta kennara, hefur ekki sinnt kynjajafnréttisfræðslu af nægilegri alvöru eða í samfellu, enda þótt við vanmetum ekki frumkvæði eða einstaklingsframtak áhugasamra kennara og stjórnenda, hvort sem þeir starfa í opinbera skólakerfinu eða í einkaskólum (*Hjallastefnan*). Á sama tíma hefur fræðilegri þekkingu, t.d. á stöðu kynjanna í samfélaginu og á ímyndum sem hafa áhrif á mótun karlmennsku og kvenleika barna og unglinga, fleygt fram í rannsóknum í kynjafræði og fjölmargra annarra fræðigreina, þ.á m. innan menntunarfræða. Það er því gjá á milli fræðilegrar þekkingar á stöðu jafnréttismála og þess sem skólakerfið gerir.

Vissulega hafa átaksverkefni um jafnréttisfræðslu verið sett í gang en þegar þeim lýkur er lítið vitað um raunverulegar breytingar sem kunna að hafa átt sér stað. Sumt af þessu frumkvæði er runnið undan rifjum jafnréttisnefnda og jafnréttisfulltrúa – en þegar slíku átaki lýkur taka skóladeildir sveitarfélaganna ekki upp þráðinn. Kynjajafnréttisfræðslan heyrir þannig ekki bara undir eitt ráðuneyti og einn málaflokk heldur líka undir nefndir sem heyra undir velferðarráðuneytið sem ráðuneyti jafnréttismála. Það kann að vera að þetta veiki stöðu kynjajafnréttisfræðslunnar í stað þess að þetta ætti auðvitað að styrkja hana. En við þessar aðstæður kann kynjajafnréttisfræðslan að birtast sem málefni óþægs þrýstihóps en ekki miðlæg starfsemi skólakerfisins.

Við teljum að í almennum hluta aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla, sem út kom á þessu ári, sé viðurkennd þörfin fyrir kynjajafnréttisfræðslu, þrátt fyrir að mennta- og menningarmálaráðuneytið telji ekki að kynjajafnrétti eigi að skipa sérstakan sess í námsgreininni jafnréttismál í grunnskóla. Ákvæði námskrárinnar fela að okkar mati í sér umtalsverða möguleika ef jafnrétti kynjanna fær stóraukið vægi í skólunum og verður notað sem upphafsreitur fyrir jafnréttismentun. Guðný Guðbjörnsdóttir leggur áherslu á að

næmi fyrir kynjamun eða öðrum mismunarbreytum er ekki spurning um persónulega eiginleika sem kennarar búa yfir, þetta er spurning um vísindalega þekkingu um kynjafræði og aðra jafnréttisþætti, svo og kennslureynslu eða þjálfun. (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2009, bls. 9)

Krafa okkar um að kynjafræðin skipi sérstakan sess í jafnréttisfræðslunni er þannig ekki einkaáhugamál okkar heldur er hún annars vegar byggð á lagaákvæðum og hins vegar á því að kyn fléttast saman við alla aðra þætti mismununar. Nýja aðalnámskráin fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla styður þetta sjónarmið okkar: „Jafnframt er mikilvægt að draga fram að ýmsir búa við margþætta mismunun þegar fleiri slíkir þættir tvinnast saman, til dæmis kyn og fötlun, kynhneigð og þjóðerni, aldur og búseta“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2011a, bls. 15; 2011b, bls. 15; 2011c, bls. 14).

Ef árangur á að nást í því að gera kynjajafnréttisfræðslu samfellda en ekki tilviljunarkennda eða byggða á einkaframtaki þeirra áhugasömu þurfa stofnanir skólamála, þar með taldar skóladeildir sveitarfélaga, háskólar, sem mennta kennara, og leik-, grunn- og framhaldsskólar að axla ábyrgð sem stofnanir. Framtak einstakra kennara eða jafnréttisfulltrúa er gott og gilt en eins og í öðru skólastarfi búa þeir einir ekki til þá samfellu sem er nauðsynleg.

Heimildir

Almar M. Halldórsson og Ragnar F. Ólafsson. (2009). The case of Iceland in PISA: Girls' educational advantage. *European Educational Research Journal*, 8(1), 34–53.

American Psychological Association. (2007). *Report of the APA Task Force on the sexualization of girls*. Washington: Höfundur. Sótt 21. september 2011 af <http://www.apa.org/pi/women/programs/girls/report.aspx>

Andrea Hjálmsdóttir og Þóroddur Bjarnason. (2009). „Og seinna börnin segja: Þetta er einmitt sú veröld sem ég vil“...? Breytingar á viðhorfum 10. bekkinga til jafnréttismála, 1992–2006. *Uppeldi og menntun*, 17(2), 75-86.

Andrea J. Ólafsdóttir og Hjálmar G. Sigmarsson. (2007). „Þetta er útum allt!“ *Upplifun og viðhorf unglinga til kláms*. Óbirt skýrsla. Reykjavík: Nýsköpunarsjóður námsmanna og Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum.

Arnesen, A.-L. (ritstjóri). (1994). *NORD-LILIA guide. Likestilling i lærerutdanningens innhold og arbeidsmetoder*. Oslo: Bislet Høgskolesenter.

Arnesen, A.-L. (ritstjóri). (1998). *Líkt og ólíkt. Kynjavíddin í uppeldisfræðilegri hugsun og starfi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Arnfríður Aðalsteinsdóttir. (2010). *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum. Skýrsla um þróunarverkefni 2008–2009*. Akureyri: Jafnréttisstofa.

Auður Magnús Leiknisdóttir. (2005). *Bráðum kemur betri tíð. Um viðhorf til jafnréttismála í upphafi 21. aldar*. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

Berglind Rós Magnúsdóttir, Guðrún M. Guðmundsdóttir, Jóna Pálsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Kristín Jónsdóttir. (2010). *Kynungabók. Upplýsingar fyrir ungt fólk um jafnrétti kynja*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Bergur Ebbi Benediktsson. (2011, 23. janúar). Játning. *Fréttablaðið*. Sótt 21. september 2011 af <http://www.visir.is/jatning/article/2011954406866>

Capacent. (2011). *Launakönnun St.Rv. febrúar–mars 2011*. Sótt 20. september 2011 af http://www.strv.is/files/4020594_StRv_040711_527652084.pdf

Eygló Árnadóttir. (2009). *Ekki benda á mig! Um framkvæmd laga um jafnréttisfræðslu í grunnskólum*. MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Stjórn málafræðideild.

Félag kvenna í atvinnurekstri. (2010). *Hlutdeild kvenna í atvinnulífínu*. [Frétt á heimasíðu.] Sótt 20. september 2011 af <http://fka.is/?i=2&f=2&o=1022>

„Fjórðungur 15 ára drengja getur ekki lesið sér til gagns“. (2011, 29. september). *Fréttablaðið*, bls. 1.

Gerður Bjarnadóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir. (2011) „Kynjakerfið og viðhorf framhaldsskólanema“. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 20. september 2011 af <http://netla.khi.is/greinar/2011/alm/004/004.pdf>

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Auður Styrkársdóttir. (2009). Kön och makt i isländskt näringsliv. Í K. Niskanen og A. Nyberg (ritstjórar), *Kön och makt i Norden. Del I Landsrapporter* (bls. 163–178). TemaNord 2009:569. Kaupmannahöfn: Norræna ráðherraráðið. Sótt 26. september 2011 af <http://www.norden.org/en/publications/publications/2009-569>

- Guðný Guðbjörnsdóttir. (2003a). Hugmyndir um kyngervi og jafnrétti í námskrám grunnskólans. Í Friðrik H. Jónsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum IV, félagsvísindadeild* (bls. 257–272). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Guðný Guðbjörnsdóttir. (2003b). Betur má ef duga skal: Námskrá framhaldsskólans í kynjafræðilegu ljósi. *Uppeldi og menntun*, 12, 43–63.
- Guðný Guðbjörnsdóttir. (2009). *Minnisblað um jafnréttisfræðslu í skólastarfi* [til forseta Menntavísindasviðs Háskóla Íslands]. Sótt 28. júlí 2011 af <http://vefir.hi.is/kennaramenntun/wp-content/uploads/2010/03/GG-jafnrétti-og-kennarmentun1.pdf>
- Gyða Margrét Pétursdóttir. (2011). Huxarinn. [Ritdómur.] *Uppeldi og menntun*, 20(1), 139–142.
- Hausmann, R.; Tyson, L. D. og Zahidi, S. (2010). *The global gender gap 2010*. Genf: World Economic Forum. Sótt 20. september 2011 af http://www3.weforum.org/docs/WEF_GenderGap_Report_2010.pdf
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík: Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, Lingard, B. og Mills, M. (2009). Possibilities in the boy turn? Comparative lessons from Australia and Iceland. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 53(4), 309–325.
- Ingólfur V. Gíslason. (e.d.). „Munur á atvinnutekjum kynjanna snarminnkar“. Jafnréttisstofa. Sótt 25. september af <http://www.jafnretti.is/jafnretti/?D10clD=ReadArticle&ID=77>
- Íris Arnardóttir. (2010a). *Huxarinn: Kennarahefti*. Akureyri: Tindur.
- Íris Arnardóttir. (2010b.) *Huxarinn: Verkefnabók í jafnréttisfræðslu*. Akureyri: Tindur.
- Jón Ingvar Kjaran og Halldóra Ósk Hallgrímsdóttir. (2011). Kynungabók – varða á vegi jafnréttisfræðslu í skólum landsins. [Ritdómur.] *Uppeldi og menntun*, 20(1), 149–152.
- Katrín Anna Guðmundsdóttir. (2010). „Ég lít ekki svo á að ég sé að breyta þjóðfélaginu“: *Um auglýsingar, jafnrétti og markaðsstarf*. MA-ritgerð: Háskóli Íslands: Stjórn málafræðideild.
- Kristín Dýrfjörð. (2011). Í hvaða leikskóla varst þú eiginlega? [Ritdómur.] *Uppeldi og menntun*, 20(1), 135–138.
- Lilja Mósesdóttir, Andrea G. Dofradóttir, Þorgerður Einarsdóttir, Kristjana Stella Blöndal, Einar Mar Þórðarson og Sigurbjörg Ásgeirsdóttir. (2006). *Mælistikur á launajafnrétti á Norðurlöndum*. Akureyri: Jafnréttisstofa. Sótt 20. september 2011 af http://www.jafnretti.is/D10/Files/IsI_samantekt_april_05_2006.pdf
- Lög um grunnskóla* nr. 91/2008.
- Lög um jafnstöðu kvenna og karla* nr. 78/1976
- Lög um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla* nr. 10/2008.
- Manfred Lemke og Sigurjón Mýrdal. (2004, 5.–6. mars). *Karlmennska og kennarastarf*. Fyrirlestur á ráðstefnunni Möguleikar karlmenskunnar. Ráðstefna um karlmenskur í fortíð, nútíð og framtíð á vegum Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum, Háskóla Íslands.

Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Jón Sigfússon, Álfgeir Logi Kristjánsson, Hrefna Pálsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2010). *The Nordic Youth Research among 16 to 19 year old in Åland Islands, Denmark, Faroe Islands, Finland, Greenland, Iceland, Norway and Sweden*. Reykjavík: Rannsóknir og greining. Sótt 20. september 2011 af <http://www.rannsoknir.is/media/rg/skjol/Nordic-Youth-Research-Descriptive-Report.pdf>

Menntamálaráðuneytið og Skrifstofa jafnréttismála. (1998). *Strákar í skóla. Erindi frá málþingi Karlaneftdar Jafnréttisráðs og menntamálaráðuneytis á Grand hóteli 27. nóvember 1997*. Reykjavík: Höfundar.

Menntamálaráðuneytið. (2002). *Konur í vísindum á Íslandi*. Reykjavík: Höfundur.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2010a). *Grunnþættir í menntun*. Sótt 26. september 2011 af http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf-namskrar/Grunntattir_i_menntun_juli2010.pdf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2010b). Kynungabók. *Dreifibréf*. Sótt 26. september 2011 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/dreifibref/nr/5714>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011a). *Aðalnámskrá framhaldsskóla. Almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011b). *Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011c). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Höfundur.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011d, júlí). *Svar við fyrirspurn Rannsóknarstofu um jafnrétti, kyngervi og menntun*. Sótt 26. september af <http://ingolfurasgeirjohannesson.blog.is/blog/ingolfurasgeirjohannesson/entry/1183874/>

Menntaráð Reykjavíkurborgar. (2010, 23. júní). Fundargerð fundar nr. 124. Sótt 29. júlí 2011 af <http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-725>

Nanna Kristín Christiansen. (2008). Drengir og grunnskólinn. Móðurskólaverkefni. *Netla*. Sótt 23. ágúst 2011 af <http://netla.khi.is/greinar/2008/006/index.htm>

Sørensen, A. D. (2003). Pornography and Gender in Mass Culture. *NIKK magasin 3-2003*, 34–36. Sótt 4. október 2011 af http://www.nikk.no/filestore/Publikasjoner/NIKK_magasin/mag20033.pdf

United Nations, Convention on the Elimination of All Forms of Discrimination against Women. (2008). *Concluding observations of the Committee on the Elimination of Discrimination against Women: Iceland*. CEDAW/C/ICE/CO/6. Sótt 21. september 2011 af <http://www2.ohchr.org/english/bodies/cedaw/docs/co/CEDAW-C-ICE-CO-6.pdf>

VR. (2011). 15% launamunur – aftur. *Launakönnun 2011*. [Umfjöllun á heimasíðu.] Sótt 20. september 2011 af <http://www.vr.is/index.aspx?groupid=477387>

Weaver-Hightower, M. (2003). The 'boy turn' in research on gender and education. *Review of Educational Research*, 73(4), 471–498.

Windfeldt, L. og Clante, K. (2009). *Þegar Rósa var Ragnar/Þegar Friðrik var Fríða*. (Þýðing Þórlaugar Baldvinsdóttur og samstarfsfólks í leikskólanum Lundarseli á Akureyri.) Akureyri: Jafnréttisstofa og félags- og tryggingamálaráðuneytið.

Younger, M. og Warrington, M. (2005). *Raising Boys' Achievement*. London: Department for Education and Skills.

Þórdís Þórðardóttir. (2005). Hvers vegna á kynjafræði erindi í kennaramenntun? Í Arna H. Jónsdóttir, Steinunn Helga Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir (ritstýrur), *Kynjamyndir í skólastarfi* (bls. 33–53). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, Óttar Proppé, Nanna K. Christiansen, Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir, Jón Páll Haraldsson, Bryndís Jónsdóttir, Ingveldur Hrönn Björnsdóttir og Bergsveinn Þór Jónsson. (2011). *Skýrsla starfshóps um námsárangur drengja*. Reykjavík: Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið.

Þorgerður Einarsdóttir. (2011, 8.–9. apríl). *Hvað hrundi í hruninu? Um endursköpun valdatengsla og möguleika til breytinga*. Erindi á Ráðstefnu um íslenska þjóðfélagsfræði Ísafirði.

Þorgerður Einarsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2005). Karlar í útrýmingarhættu? Um stöðu kvenna og karla í framhaldsskólum og háskólum. Í Arna H. Jónsdóttir, Steinunn Helga Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir (ritstýrur), *Kynjamyndir í skólastarfi* (bls. 199–219). Reykjavík: Rannsóknastofnun Kennaraháskóla Íslands.

Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir. (2009). Kynjaskekkja í stjórnámálum. Breytingar og áhrifabættir. *Stjórnámál og stjórnsýsla, vef tímarit*, 5(1), 5–48.

Þóroddur Bjarnason og Andrea Hjálmsdóttir. (2008). Egalitarian attitudes towards the division of household labor among adolescents in Iceland. *Sex Roles*, 59(1–2), 49–60.



Þorgerður Einarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2011). Kynjafnréttisfræðsla í skólum: Hindranir og tækifæri. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/030.pdf>